

EFTIRLITSSKÝRSLA



Sorpstöð Rangárvallasýslu Sorpstöð Rangárvallasýslu Strönd.

Dags eftirlits	12.11.2014	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Sorpstöð Rangárvallasýslu	Fulltrúi UST	Eva Dögg Kristjánsdóttir
Heimili	Suðurlandsvegi 1	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	6008932469	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ágúst Ingi Ólafsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Ómar Sigurðsson	Staðsetning	690508,452 590016,913

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Breytingar á rekstri að Strönd halda áfram. Ný skemma sem notuð verður til móttöku úrgangs er risin Tekið er við mun fleiri úrgangsflokkum nú en áður, enda er nú rekin söfnunarstöð á svæðinu. Verulegt magn af timburúrgangi hefur verið safnað upp og er nauðsynlegt að uppsöfnunin verði metin af aðila sem þekkingu hefur á brunavörnum. Orðið er mjög brýnt að nýtt starfsleyfi Sorpstöðvar Rangárvallasýslu liti dagsins ljós eða að starfsemi verði stöðvuð þar til nýtt starfsleyfi liggur fyrir.

Fyrri frávík eru staðfest á ný þ.e. kröfur er varða mengunarvarnir vegna vatns og jarðvegs á urðunarstað hafa ekki verið uppfylltar, starfsemi að Strönd er ekki í samræmi við löggjöf, m.a. starfsleyfi og skammtímastæði fyrir ónýttar bifreiðar hefur ekki verið útbúið enn. Fimm alvarlegar athugasemdir eru gerðar. Þær varða: 1. Öryggis- og mengunarvarnarkröfur vegna söfnunar og geymslu timburúrgangs, 2. tafir á vinnslu starfsleyfis, 3. ónýttar heimildir í núverandi starfsleyfi til endurvinnslu úrgangs 4. Skemma er risin að Strönd án þess að mat á tilhlýðilegum mengunarvörnum í skemmuni hafi farið fram/ákvarðaðar. Að síðustu (5) er rekstraraðili hvattur til að halda samráðsfund með hlutaðeigandi aðilum.

Rekstraraðili sendi þann 3.12.sl. athugasemdir við drög þessarar skýrslu og er gert grein fyrir þeim, þegar við á í athugasemdakafli. Athugasemdirnar breyta hins vegar ekki niðurstöðu skýrslunnar

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit var tvískipt að þessu sinni. Eftirlitsskoðun og stuttur fundur var haldinn með Ómari Sigurðssyni 30.10.sl. en 12.11.sl. var haldinn fundur með Ágústi I. Ólafssyni um vinnslu starfsleyfis o.fl.

Á fyrri fundi var farið yfir starfsemi á urðunarsvæði, breytingar í rekstri og innra eftirlit, þá helst móttöku, skráningu og eftirlit með innkomnum úrgangi. Engin óhöpp eða kvartanir hafa borist vegna urðunarstaðarins. Að fundi loknum var urðunarsvæðið skoðað. Verið er að stækka urðunarsvæði og móttökuskemma fyrir úrgang er risin. Allverulegu magni af viðarúrgangi hefur verið safnað og er hann í haugum á geymslusvæði.

Frávík frá

Lýsing á frávíki

ATHUGASEMDIR

Mikilvægt er að brunamálayfirvöld fari yfir tilhögun uppsöfnunar á brennanlegum úrgangi að Strönd. Að sögn rekstraraðila hefur það þegar verið gert.

Rekstraraðili gerði tilraunir á jarðgerð lífræns úrgangs (fiðri o.fl.) fyrir nokkrum árum og var ekki annað að sjá en að vel gengi. Jarðgerð lífræns úrgangs er endurvinnsla og er vert að hafa í huga að ef rétt er að henni staðið er hægt að varðveita mikilvæg næringarefni og ýmis lífræn efni sem koma sér vel við uppgræðslu eða aðra ræktun. Þá er heimild til jarðgerðar þegar fyrir hendi í núverandi starfsleyfi (ákv. 2.7) og í ákvæði 1.3 segir orðrétt "Í samræmi við stefnu stjórnvalda og gildandi svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs skal markvisst unnið að nýtingu úrgangs, t.d. með endurmotkun eða endurnýtingu, þ.e. orkuvinnslu, endurvinnslu, jarðgerð og gasvinnslu. Rekstraraðila þykir ekki ástæða til að hér sé gerð alvarleg athugasemd því jarðgerðarákvæði starfsleyfisins sé valkvætt. Þar sem rekstraraðili hefur eingöngu heimild til að urða að hámarki 800 tonn af lífrænum úrgangi á ári, að því tilskildu að hann sýni fram á að ekki séu endurnýtingarleiðir eða aðrar förgunarleiðir færar (sjá ákv. 1.2 í starfsleyfi), getur eftirlitsaðili ekki fallist á að um léttvæga athugasemd sé að ræða, ekki síst þar sem mengunarvarnarkröfur fyrir lífrænan úrgang eru talsvert meiri en ef slíkur úrgangur er ekki urðaður og slíkar mengunarvarnir eru ekki fyrir hendi að Strönd.

Enn á ný hvetur eftirlitsaðili rekstraraðila til að leggja allt kapp á að ljúka fullnægjandi starfsleyfisumsókn. Mengunarvarnarkröfur fyrir urðunarstaði hafa legið fyrir allt frá árinu 2003 með reglug. nr. 738/2003 um urðun úrgangs og bar rekstraraðila að fullnægja kröfum er varða þéttingar, jarðfræðilegan tálma og söfnun sigvatns fyrir mitt ár 2009. Allt frá þeim tíma hefur eftirlitsaðili lagt ríka áherslu á að rekstraraðili fari að þessum kröfum. Á síðasta ári féllst rekstraraðili á að sækja um nýtt starfsleyfi og barst starfsleyfisumsókn í maí sl. Hún var hins vegar ekki fullnægjandi sbr. bréf Umhverfisstofnunar dags. 27. júní sl. og nú í árslok bólar enn ekkert á aðgerðum vegna þessa. Rekstraraðili sagðist ætla að senda inn nýja starfsleyfisumsókn fyrir 15.12.14

Skemma sem nota á fyrir móttöku úrgangs er risin. Góðfúslega er minnt á að mengunarvarnir eru fyrirskrifaðar í starfsleyfi og ef þær eru vel skipulagðar frá upphafi, eru verulegar líkur á hagkvæmri og farsælli starfsemi til framtíðar í skemmuni.

Skv. ákvæði 2.11 í starfsleyfi ber rekstraraðila á fjögurra ára fresti að kalla til samráðsfundar, eða með skemmra millibili ef ástæða þykir til. Mikilvægt er að skriður komist á vinnslu starfsleyfis og að fullt samráð verði haft við Heilbrigðiseftirlitið. Því er rekstraraðili hvattur til að kalla saman samráðsfund við fyrsta tækifæri. Rekstraraðili hefur nú kallað hlutaðeigandi til samráðsfundar (tölvupóstur, 15.12.2014.)

ANNAÐ

Sem fyrr hefur rekstraraðili ekki uppfyllt kröfur er varða mengunarvarnir vegna vatns og jarðvegs, sjá reglugerð nr.738/2003, viðauka I., gr. 3. um þéttingu botns og hliða og jarðfræðilegan tálma. Sjá einnig kröfur er gerðar eru um söfnun og meðhöndlun sigvatns.

Sem fyrr er starfsemi að Strönd ekki í samræmi við löggjöf hvað snertir tegundir og meðhöndlun móttækis úrgangs (m.a. móttaka á spilliefnum), sjá nánar eftirlitsskýrslu frá 14.11.2013.

Sem fyrr hefur skammtíamastæði fyrir ónýtar bifreiðar ekki verið útbúið.

Reykjavík, 17.12.2014



Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.